

HEIMIR

I. ÁR.

WINNIPEG, MAN. 22. NÓVEMBER 1904.

NR. 7.

Samkomukvæði

eftir

ÞORSTEIN ERLINGSSON

Fyrst málþing um landsmál er leiðinda stund,
sem lokkar oss nauðuga saman,
við höfum það svona, við förum á fund
að fá okkur smámeyja gaman.
Hún náttúra' er lýmsk og laumast enn;
hún laðar í flokk bæði snígla og menn.

Það er kannske markið, að mynda' á oss skel;
en meðan við að henni vinnum,
þá gæti það farið oss frændunum vel,
að finnast hér einstöku sinnum;
vér getum eins heitið á guð fyrir því,
að gefa oss kufung að felast í.

Ef hitt verður markið, að hrærast úr stað,
má hver annast það, sem hann veldur,
því aflinu veitir ei af fyrir það
né andlegu burðunum heldur.
Ef einhverjum virðist það of stór þraut,
er allt af svo lafhægt að stelast braut.

En lið það, sem einhuga leiðina fer,
það lítur svo merkileg undur;

Því firðirnir þekjast með hafskipa her,
 og heiðarnar kljúfast í sundur.
 Við það verða lýðir og löndin sterk,
 að líta sín eigin handaverk.

Og hverjum þeim fæti sé þúsundföld þökk,
 sem þyrmdi ei liðhylli sinni,
 en tróð niður hreppamót hlykkjótt og skökk,
 sem hugina kvíar hér inni;
 það eru þeir fætur, þau fyrstu spor,
 sem fjallkonan þarfnast—hún móðir vor.

Og það sé þá hugsun og heitorð hvers manns,
 að hittast að ári, ef hann getur,
 og mýkja þá fætur í miðsumardanz,
 sem meiðast og kreppast í vetur.
 Og þá mun svo fara, við fylgjumst að
 við fleira en leiki—við sönnum það.

Framanprentað kvæði er ort fyrir nokkrum árum fyrir þjóð-
 minningarsamkomu heima á Íslandi, eins og það ber með sér.—
 Einn af vinum „Heimis“ fór einhverju sinni með eitt erindi úr
 því fyrir oss, og gaf oss síðan afskrift af því. Með því að kvæð-
 ið sver sig svo ánægjulega í ætt systkina sinna, og er auk þess í
 fárra manna höndum hér vestra, þá tókum vér það með bessa-
 leyfi fullvissir um, að þeim fáu, sem þekkja það, þyki ekki góð
 vísa of oft kveðin, og í þeirri von, að höfundurinn fyrirgefi oss
 vorar skuldir, meðan djarftækni vor nær að eins til góðra hluta.

Hjátrú.

Smágreinar úr Plutarch's „De Superstitione.“

Guðsafneitun —sem í sjálfu sér er skilningsleysi, að enginn
 hlutur sé varanlegur né nokkur sæla til—virðist á stundum vera
 hugarhægð vegna trúleysis á helga dóma.

Óttinn og öfgatrúin hverfa, er menn fara að trúa því, að guðirnir sé ekki til,— en hvorttveggja er þó hjátrú—. Þekkingarleysið skapar hjá öðrum trúleysi fyrir því, sem háleitast er allra hluta, en hjá hinum bætir það þrælsótta ofan á óvirkilega trú um tilveru hins Eilffa og Miskunsama. (2)

En hvað sýnist yður? Hefir þó ekki guðsafneitandinn, borinn saman við þann hjátrúarsjúka, þessa yfirburði? Hann neitar tilveru guðanna, hinn trúir að þeir sé til. Hann beiðist einkis af þeim, en hinn hugsar sér þá voðalega, sem eru miskunnsemin sjálf, þá kvalara, sem eru föðurgæzkan sjálf, engu eyrandi þá sem eru hlífðin og skjólið, og það, sem er óviðjafnanlegt að allri fullkomnun, fullt ójafnaðar og siðleysis. Og svo koma látúnssmiðirnir, steinhöggvararnir og kertasteypararnir og segja við þá öfgasjúku: „Sjá, líkamir guðanna eru líkir yðar“, og svo mynda þeir líkneski. Hinir klæða þau, og falla fram fyrir þeim og tilbiðja þau. (6)

Ekki er heldur öfgatrúin æðri guðsafneitun á gleðistundum lífsins né manningnum meiri sæla. Þegar menn halda sérstakar hátíðir, helga leiki, innsetningar athafnir*, fyllast guðmóði* eða halda guðunum fórnar og lotningar daga —saklausar skemmtanir í sjálfu sér— þá er guðsafneitandinn við slík tækifæri með háði og flimti, og jafnvel spottast að slíkum athöfnum. En sá hjátrúarsjúki vildi gjarnan fagna, en má það ekki, og er að því aumari. Þegar borgin er full fórna og friðþægingargjafa, er sála þess öfgasjúka manns full angistarópa. Hann krýnir sig með vínviði og ber kórónuna á bleiku höfði. Hann fórnferir

*) Innsetningar athafnirnar voru með ýmsu móti, þegar nýtt fólk var tekið inn í leynisöfnuði hinna ýmsu trúflokka suðrænu þjóðanna, en jafnan álitnir helgir siðir. Þannig, er menn voru teknir inn í Mýthra-kyrkjuna, voru þeir látnir skírast í naudsblóði, taka hina svonefndu blóðskírn, er átti að hreinsa þá af öllum saurugleik, líkamlegum og andlegum.

**) Guðmóður (orgé), æði, líkt og fylgdi þjónustugjörð ýmsra trúarflokka í heiðinni tíð, til dæmis Dionysiusar kyrkjunnar, þar sem menn slógu dans og fóru hamförum eins og æðisgengnir.

með hjartasting, hann biður með titrandi rödd og brennir reykselsi með skjálfandi hendi. (8)

Eg furða mig oft á því, að menn skuli kalla guðsafneitun trúleysi (asebejan) og kalla þó ekki hjátrúna hið sama. Eg kysí miklu framar að menn segðu um mig, að eg hefði aldri verið til — að Plutarch hefði aldrei fæðst — heldur en að þeir segðu, að Plutarch væri maður óáreiðilegur, svikull, skjótur til reiði, hefni-gjarn fyrir smámuni, ósáttfús og langrækinn á litlar yfirsjónir. (9)

Guðsafneitandinn áltur, að enginn guð sé til. Sá hjátrúarsjúki óskar í hjarta sínu, að þeir væri ekki til. En hann trúir því, og trúir á þá sér þvert um geð, því hann óttast sitt endadægur. Guðsafneitandinn á ekkert sameiginlegt með þeim hjátrúarsjúka, því sá hjátrúarsjúki vildi gjarnan gjörast guðsafneitandi, ef hann þyrði að gjöra það; en hann er of aumur til þess, að hugsa svo um guðina, sem hann kynni að æskja.

Enn fremur guðsafneitandinn er ekki öfgatrúarmaðurinn, eins og hann hefir oft verið sakaður um, heldur er hjátrúin aðal orsök allrar guðsafneitunar og hennar bezta réttlætning, þó engan veginn sönn sé, lofsverð eða fögur. (10.—11.)

*

*

*

Plutarch var frægur rithöfundur um aldamótin 100 e. Kr. Helzta ritverk hans er „Æfisögur grísku heimspekinganna“, er þýtt hefir verið margoft á ótal tungumál. Það er almennt álitid, að hann hafi skrifað bók sína „De Superstitione“ í tíð Nerva keisara (96–8) sem varnarrit fyrir skoðun þeirra manna, er í þá daga voru nefndir „einglyðismenn“ (monoþeistar) eða heiðingjar af þeim, sem tilheyrðu grísk-rómversku trúnni. Það má ráða af öllu því, er Plutarch hefir ritað, að hann hefir enginn vinur verið kreddukennara eða trúarofstækismanna.

Oss datt því í hug, að þessar smágreinar úr Plutarch gamla væri ekki orðnar svo úreltar, að mönnum þætti ekki gaman af, að lesa þær enn, eða jafnvel bera saman trúaröld vora og hans, eftir því sem hann lýsir henni.

Skiftiblöð og tímarit.

„ALDAMÓT, 13. ÁR, 1903.— Í fimmta blaði „Heimis“ gátum vér þess, að „Aldamót“ hefði verið send blaðinu til kaups. — Síðan hafa þau verið send „Heimi“ í skiftum, og höfum vér nú sannspurt, að ritstjóri þeirra og eigandi hafi svo til ætlast, að það hefði verið gjört strax og þau komu út, og það sé því þess sök, er um útsendinguna annaðist, að þau komu ekki fyr. Oss þótti vænna um, að það skyldi standa svo af sér, heldur en hins veginn, eins og vér gátum oss til fyrst, og verðum vér því að biðja lesendur „Heimis“ að færa þau ummæli, er vér höfðum í fimmta blaðinu, yfir til útsendingarmannsins í stað ritstjórans. Hafi ritstjórinn þökk vora fyrir skiftin, eins og hinir aðrir skiftendur „Heimis“, þótt vér getum ekki verið sömu skoðunar og hann á þeim málum, er „Aldamót“ ræða í þetta sinn.

Þá er að minnast á innihald þeirra, er mestmegnis er eftir ritstjórann sjálfan að undanteknum tveim smágreinum, er ekkert er að athuga við, eftir þá sr. Friðrik Hallgrímsson og sr. Jón Bjarnason. Grein síra Jóns er þýðing, brot úr skáldsögunni „Adam Bede“ eftir ensku skáldkonuna unitarisku, er nefndi sig George Eliot. *) Þýðingin er falleg og kaflinn merkilegur eins og flest það, er kona sú skrifaði.

Grein síra Friðriks Hallgrímssonar gengur út á bindindismál, og er hún mikið lipur framsögn hugmynda, er oft hafa verið auglýstar í sambandi við það mál.

Þá eru kaflarnir eftir ritstjórann sjálfan. Ein þýðing er þar á smásögu eftir danskan mann, Jørgensen að nafni, og heitir

*) Það mætti geta þess lesendum „Heimis“ til skýringar, að kona þessi er talin með betri rithöfundum Breta á öldinni, sem leið. Það lá lengi á orðrómur á, að hún hefði verið trúlofuð heimspekingnum mikla, Herbert Spencer, í ungðæmi sínu. Skoðanir þeirra runnu saman á flestum málum, þótt þau væri að mörgu leyti ólík að skapferli. Og í æfminningu sinni, er Spencer skrifaði, getur hann hennar með ást og virðingu, þótt hann neiti, að þau hafi nokkru sinni verið heitin hvort öðru.

sagan „Práðurinn að ofan.“ Sagan er að engu merkileg. Hún er í þessum gamla sunnudagsskóla anda, að eitthvað lítið og smátt, er á fjarska bágt, kemst hátt fyrir herrans mátt, og fellur svo aftur og verður að engu. „Lítil köngurló“ er í þetta skifti söguhetjan í stað kramaraumingjans, sem vanalegast er „plátzborinn“ í þess kyns sögum.

Frumstömu greinarnar eru allar á annan veg, og viljum vér telja þær smærri fyrst.

„Tveir kyrkjulegir fyrirmyndarmenn“ — Gisle Johnsen og Frederik Petersen, háskólakennarar í Kristjanfu. Í grein þessari fer ritstjórinn um þá nokkrum orðum og lýsir stefnum þeirra í guðfræðismálum.

Um það, hversu rétt er skýrt frá stefnum þessara manna, viljum vér lítið segja, áhrifa þeirra hefir lítið gætt utan Noregs, og eru þeir því flestum lítt kunnir. Þeir voru ekki menn, er myndað hafa neinn sérstakan skóla í trúfræðisheiminum, og geta því naumast í orðsins fyllsta skilningi talist „fyrirmyndarmenn“. Ritstj. getur þess, að Gisle Johnsen hafi tilheyrt orþodox-skólanum gamla („réttrúnaðarguðfræði“), sem hafnað hafi „kulda og nasasjón skynsemistrúarinnar“, en reynt þó að gjöra trúfræðina „að vísindalegri sjálfsþekkingu trúaðs manns“ og grundvallar siðfræðina sem „samstæðilega þekking á lífi trúarinnar.“ Hvað sem þetta þýðir, sem ekki er sem allra greinilegast, þá er svo að sjá, sem Johnsen hafi þó þrátt fyrir allt fyllt flokk skynsemistrúarmanna, sé það satt, sem ritstjórinn hermir hér upp á hann. Hann segir hann og einnig hafa verið lærisvein Schleiermachers. En hafi svo verið, þá fer maður að efast á ný um, hversu orþodoxu Johnsens hefir verið varið, og kemur þá enn nýtt til sögunnar, því Schleiermacher* hefir aldrei verið til þess skóla tal-

*) Schleiermacher er fæddur í Breslau 1768. Foreldri hans tilheyrði Calvín's kyrkjunn, og fyrstu kennarar hans voru að trúarskoðun fylgjendur hinnar svonefndu Moravíönsku hreyfingar, sem var líks eðlis, og Methodiskan varð á Englandi skömmu síðar. Árið 1787 fór hann á prestaskóla Moraviana í Barbich, en hvarf þaðan skjótt og innritaðist við háskólann í Halle, þar sem hann dvaldi tvö ár. Meðan hann var við háskólann, varð hann fyrir ýmsum utan að komandi áhrifum

inn. Eftir því sem Puenjer telur í trúfræðissögu sinni, þá stendur Schleiermacher andvígur orþodoxíunni, er styður sig í sínum nýrri búningi við kenningar Hegels, og eru aðalformenn hennar þeir von Hoffmann og Philippi, er ritstj. „Aldamóta“ telur læri-
feður Johnsens en lærisveina Schleiermachers.

Eftir þessu fer því ritstj. hér skakkt með sögu, og er það leiðinlegt, hvort heldur það er gjört af vanþekkingu eða ásettu ráði. Sé það af vanþekkingu gjört, þá væri vel, að ritstj. hefði hugföst sín eigin lagaboð, er hann öðrum setur, að fara ekki með það, sem hann veit ekki. En sé það vísvitandi gjört, þá er það ekkert annað en sögufölsun.

Um síðari hluta þessarar greinar, það, sem hann talar um Frederik Petersen, skulum vér ekkert segja, og trúandi er ritstj. „Aldam.“ til þess, að segja þar rétt frá, því Petersen mun hafa verið kennari hans einhvern tíma nú fyrir nokkrum árum. En hafi próf. Petersen verið slíkur, og hann er sagður, hefir hann verið í hóp þeirra manna, er taldir eru vantrúarmenn hér vestra. Vér leyfum oss að eins að benda á þessi orð (bls. 71): „Hann hélt því fram að það væri dauði fyrir kyrkjuna, að ætla sér að nema staðar við og álta sem öldungis fullkomna þá niðurstöðu, er hún hefði komist að á einhverju liðnu tímabili. Það væri heilög skylda hennar að leitast við að komast æ lengra og lengra í skilningi og viðurkenningu sannleikans. . . . Mjög eindregið hélt hann því fram, að sá guðfræðislegi búningur, er seytjándu aldar kennararnir hefði sniðið trúfræðinni, væri nú úreltur orðinn og hugsunarhætti nítjándu aldar svo ólskur og óeðlilegur, að það væri sannleikanum til tjóns að ætla sér í einu og öllu að halda við hann“ o. s. frv. (bls. 72): „Hann áleit það hina mestu

einkum frá hinum rómantiska skáldskapar anda, er þá stóð með miklum blóma. Trúarskoðanir hans smá veiktust, og hann fór að efa sannleiksgildi þeirra. Hann fór að hneigjast meira að heimspekisstefnu Kants, og á þeim grundvelli byggir hann flest það, er hann skrifaði um guðfræði seinni hluta æfinnar. — Hann var gjörður að prófessor í guðfræði við Berlinar háskólann 1810.— Merkasta rit hans er um „trúarlærdóminn“, er kom út 1823, og vonast „Heimir“ eftir, að geta flutt lítilfjörlegt yfirlit yfir það einhvern tíma seinna.

hættu fyrir kyrkjuna að einangra sig frá hinu almenna andans lífi, og fyrir dæma náttúruvísindin, er í eðli sínu væri réttmæt og mikils verð. En þó áleit hann þá syndina stærsta, að skoðan okkurt kenningakerfi jafngilt sannleikanum, hversu vel og vandlega sem frá því væri gengið. Trúfræðin væri verk manna, sannleikurinn frá guði... hver kynslóð þyrfti að taka á af öllum lífsins mætti til að tileinka sér hann og mætti því aldrei gjöra sig ánægðan með þann skilningsmæli, er annari kynslóð hefði verið gefinn." (bls. 73): „Með mestu stillingu og gætni sýndi hann fram á, að hið gamla trúfræðislega orðaval kyrkjunnar væri úrelt orðið... að kyrkjan hefði lokað sig inni í úreltum hugsunarhætti og lífði með kristilega hugsun sína í andrúmslofti löngu liðinna alda o. s. frv.“ — Það er svo mikið af þessum lýsingum, að vér vitum naumast hvar vér eigum að láta staðar numið. Spursmálið er, hvort þetta er rétt, sem hér er sagt um prófessor Petersen; en enginn minnsti efi er á því, að það væri mikil eign hverrf þjóð, að eiga marga lærða atkvæðamenn, er þannig hugsuðu og kenndu. Eitt er það af tvennu, hafi verið maður uppi með Norðmönnum, er þannig kenndi nú í heilan mannsaldur, þá hefir hann annað hvort eignast fáa lærisveina meðal norsku prestanna, eða fáir skilið hann á þenna veg. Það þarf ekki annað en benda á, hvar norska kyrkjan stendur á þessum tíma. Ein með þeim afturhaldssömustu kyrkjudeildum prótesanta í norðvestur Evrópu. Og væri það ekki fyrir óbilandi elju og starfsemi skáldanna norsku, myndi hún lifa þann dag í dag „í andrúmslofti löngu liðinna alda.“

Oss finnst sem þetta lof um prófessor Petersen mætti miklu fremur skiljast sem trúarvörn höfundarins sjálfs, sem nú er farinn að láta undan síga fyrir skynsamlegum skoðunum á trúarbrögðunum, heldur en lýsing Kristjánfu kennarans, er nú er fyrir skömmu látinn.

Þá er næsta greinin, afmælisræða „Tjaldbúðarinnar“, — „Leggið rækt við trú yðar!“ — Yfirleitt er lítið hægt um þessa grein að segja annað en það, að hún er mikil málalenging um lítið efni. Aðal tilgangur ræðunnar mun hafa verið sá, að hvetja safnaðarmenn til þess, að leggja sig alla fram um, að viðhalda

kyrkjunni og reyna að komast fram úr skuld þeirri, er á henni hvílir; en til þess er á þá heitið, að láta týra betur á trúarskarinu. Þeim er sagt, „að leggja rækt við manninn með sjálfum sér“ (?) vegna þess, að það verði ávallt „eitthvað úr trúræknum manni“, hann sé „sífelt að seilast upp fyrir sig“, en „há hinum fari garðurinn í órækt og verði allur illgresi vaxinn.“ (bls. 86)—Alls yfir eru líkingarnar í þessari ræðu eitthvað leiðinlegar og óeðlilegar, eins og þetta bendir til, er vér höfum þegar tilfært, engu síður en grundvöllur sá, er ræðan byggir á, nefnilega að kyrkjuleg TRÚ sé það eina, er gjöri manninn að manni. Þá staðhæfingu hefði verið mikið nær að sanna fyrst, áður hún er lögð til undirstöðu nokkurra hugleiðinga, er þaðan verða að draga sitt sannleiksgildi.

Þá er „Skólastjórn með enskum þjóðum“, hugleiðingar um ólagið á Reykjavíkur skólanum, og yfirvöldunum heima bent á, að þeir geti fengið „planið hjá mér“ og sniðið sér stakk eftir „Manitoba University“.

Þá er „Vestur-Íslensk menning“, grein að mörgu leyti skýr og skilmerkileg, og eru í henni verðskuldaðar áminningar til vor Íslendinga um það hirðuleysi, er vér sýnum í notkun alþýðuskólanna, og um það varúðarleysi, er vér sýnum í því að hlaupa eftir hverri hrópandi rödd, er berst til vor með blöðunum.

Aftur á móti er grein þessi skrifuð mjög í anda höfundarins, og kemur þar fram hans einkennilega skoðun á því, hvað menning sé og siðgæði. Það er skoðun, sem er einkennileg vegna þess, að hún fer öldungis í bága við texta orð greinarinnar og flest af því, er höfundurinn virkilega segir í greininni.

Hann byrjar á því að lýsa, hversu stóra uppvakning það hafi orsakað meðal Japaníta hreyfing sú og rót það, er komist hefir á trúarskoðanir þeirra nú á seinni tíð. Og svo ber hann þetta Japanska ástand saman við ástand vort Íslendinga og finnur hversu miklir eftirbátar vér erum. „Í svo ótal mörgu situr Íslendingurinn við sinn ólundar keip“, segir hann, „einsog bandingi, reyrdur og bundinn viðjum vanans, hvað svo sem fyrir augun ber.“ En Japanítinn skiftir um skoðanir, kastar því, sem úrelt er orðið, en helgar sér allt hið nýjasta, er þekkingin hefir að bjóða.

Vestur-Íslendingar komast því ekki í hálfkvisti við Japaníta, þeir eru auk heldur eftirbátar þjóðarinnar hér í Canada, sem þeir lifa nú hjá; og hvernig stendur svo á því?

Ritstj. segir að það sé vegna þess, að þeir hafi ekki samið sig að siðum Canada-manna. Þeir hafi ekki hagnýtt sér meðalið, sem gjöri Canada-þjóðina andlega stóra og „bungubreiða“, nfl. trúræknina og kyrkjugönguna— meðalið, sem hann segir oss sjálfur, að hafi háð Japanítum svo, að þeir urðu ekki menn með mönnum, fyr en þeir lögðu niður sína fornu trúrækni og kreddur

Það er ervitt fyrir oss að finna hér „rauða“ rökþráðinn, er tengir þessar andvígu skoðanir saman í eina heild, enda mun hann naumast vera að finna. Greinin er samhengislaus, í líkingu við þenna gamla prédikunarstíl Englendinga, er nefndur hefir verið „prjónapúða“ stíll. Prjónapúðinn er Vestur-Íslendingar og prjónarnir, sem í hann er stungið, eru Japanítar, Canadamenn, „trúrækni“, „kyrkjuganga“, „hagnýting skóla“, „siðferðiskenning betrunarhússlima“ og hm! „heldra fólkið á Spence str.“!—

Aðal prjóninn er „kyrkjugangan“. Þar af má kenna menningu og andlegan þroska Íslendinga, segir ritstjórinn. Fólkið á Spence str. hefir það til siðs, að tæma húsin á sunnudögum og ganga í kyrkju. Íslendingar gjöra það ekki að öllum jafnaði,— þess vegna standa þeir öðrum þjóðum að baki.

Þetta er að eins eins manns skilningur á því, hvað andleg þroskun sé, naumast heppilegur eða tilkomumikill. Hvað gagnar eintóm kyrkjuganga, eða ræktarsemi við trú? Þýðing hvors- tveggja hvílir algjörlega á því, hver kyrkjan er og hver trúin er. Auðvitað á ritstj. hér við lúthersku trúna og lúthersku kyrkjuna. En hvað gjörir sú kyrkja til þess að stuðla að því, að koma Íslendingnum úr þeim álögum, er hann situr í, og hvað til þess að hamla því, að hann sitji við sinn „ólundar keip“ eða bíði „eins og bandingi, reyrdur og bundinn viðjum vanans, hvað svo sem fyrir augum ber“?

Það tvennt, sem aðallega er brýnt fyrir Íslendingum, er vanafesta og afturhald. Barnatrúnni skuli þeir ekki slíta sig frá, hvað svo sem heimurinn segi, hvort sem hún sé í samræmi við sannleikann eða ekki. Þeir skuli halda sig frá öllum „ný-

mælum“, firrast að ljá þeim eyra, forðast þau og flýja. Og svo þegar komið er í kyrkjuna, þá er það sama á takteinum, sama guðspjallið og lesið var fyrir þenna sama sunnudag árið er leið, sama útlekkingin á því, oft á tíðum sama ræðan flutt í sama tón, sama kenningin um réttlætingu af trú, sama fordæmingin um verkin, sama eftirgangssemin með gjöld, offur, „tíundir á myntu og kúmeni“. Og hvað er það þá, er laðar menn svo að sækja kyrkju, að þeir tæmi húsin til þess að safnast undir þess kyns lestur? Verður ekki mörgum sú raunin á, að þegar mest reynir á, þá mæta þeir þar „steinblindum augum“? Og hefir ekki margur landi vor hér vestra snúið frá vorum vestur-Íslenzku kyrkjudyrum með hroll í hjarta, hneykslaður á æru og velsæmistilfinningu sinni með því, er þar hefir fram farið?

Kyrkjuræknin sannar alls ekkert. Hún er enginn mælikvarði menningar og siðgæðis. Vér þurfum ekki annað en minna á það, sem Kristur sagði við Farfseana forðum um föstur þeirra og bænahald. Munurinn á sjálfhælninni, „eg fasta tvisvar í viku“ og „eg sæki kyrkju tvisvar á sunnudegi“, er ekki svo ýkja mikill. Ef hið fyrra heimilar ekki manningum „efstu sætin“, svo mun og hið síðara ekki gjöra það.

Fyrst ritstj. vill klæða hugleiðingar sínar um menningarbaráttu Íslendinga í trúfræðislegan hjúp, hefði hann átt að taka afstöðu kyrkjunnar til slugunar.

Það er ekkert ljósara dæmi þess, hvar menn standa, en það, hvar kyrkjan þeirra stendur. Því kyrkjan er og verður ætíð það, sem meðlimir hennar eru í andlegum skilningi. Sé hún þröng, öfgafull, andvíg allri andlegri framþróun eða sé hún rúm, frjáls, lífið og sálin í allri framför þjóðfélagsins, svo eru og þeir er innan hennar búa. Hún opinberar hina réttu mynd almenningsins. Og þegar vér lítum á hana, þá sjáum vér, ekki í „gegn um gler í ráðgátu“, heldur augliti til auglitis, hversu mennirnir eru.

Í stað þess að leggja allt upp úr kyrkjugöngu og trúrækni, eins og ritstj. gjörir, þá hefði hann átt að brýna fyrir mönnum skyldurækni. Þar sem skylduræknin er vel vakandi, er er enginn skortur á göfugri trú, engin missmíð á félagsmálum. Ef menn sækja ekki kyrkju af sannfæringu um, að þeim beri að

gjöra það, þá er kyrkjuganga þeirra ónýt og hræsni tóm. Og ef menn skoða það ekki skyldu sína lengur, að hlutast til um trú-mál, um kenningu kyrkjunnar, um nytsemi hennar fyrir land og lýð, er hætt við, að þá fari heldur að halla af fyrir henni úr því.

Ef það er eitt frekar en annað, er háir oss Íslendingum, þá er það einmitt drengskaparleysið, meðvitundarleysið um skyldu. Hugsunarhátturinn, að þegar í þrautirnar reki, sé „allt af svo lafhægt að stelast braut“, er sá þjóðardraugur, er rakið hefir spor feðra vorra um langan aldur og fylgir oss fast á hæla hér í þessu landi.

Síðasta greinin, „Austur- og vestur-Íslendingar“, er ein af mörgum, er rituð hefir verið um „hjálpina að vestan“. Hún er aðallega svar til Guðm. skálds Friðjónssonar fyrir aðfinningar hans á „Aldam.“ árið sem leið. Margt í þessari grein er satt, og hefir margoft verið bent á þau sömu atriði áður, bæði af Jóni ritstj. Ólafsyni, Einari Hjörleifsyni og fleirum. Eins og það, ef Íslendingar hér viðhaldi þjóðerni sínu og tungu, þá auki það bókaaverslun þjóðarinnar að því skapi, er keypt yrði hér vestra. Enn fremur er bent á, að öll líkindi sé til, að með blöðum og bréfum, er héðan eru send árlega, berist einhver ærleg og og nýt hugsun heim, er vér höfum numið hér vestra. Eitt nýmæli er í grein þessari, er ekki hefir áður verið rætt, það, að í þess stað að gjöra samvinnuna erviðari með undirróðri og óþarfa getsök-um, þá sé hún gjörð greiðari, en hún hefir verið, með manna-skiftum. Að þeir heima taki nokkra menn héðan í sína þjón-ustu, og að vér fáum aftur nokkra frá þeim. Þetta er í alla staði mikið góð tillaga. En hvert mundu lögin íslenzku leyfa því lík skifti? Mundu þau leyfa læknum vorum héðan að gegn köllun sinni þar? Mundu íslenzku prestarnir héðan fá að gegna nokk-rum embættisverkum á Íslandi, eða þi lögmenn vorir, eða hver-ir aðrir sem væri? Með núverandi fyrirkomulagi efumst vér stór-lega um, að slíkt yrði leyft.

En það er annað, sem frændur vorir á Íslandi gætu gjört. án þess að halla lögum sínum eða landsrétti, og það er, að taka oss með í reikninginn í því eina þjóðlega félagi, er landið á,— Bókmenntafélaginu. Þeir gætu og ættu að stofna hér þriðju deild þess félagskappar, ef þeir vildi sýna oss hinn sama jafnað,

og þeir sýna öðrum erlendum íslenskum mönnum. Félagið ætti að geta grætt á því, en alls engu tapað.

Stærsta smekkleysan, er vér höfum orðið varir við í þessu hefti „Aldamótanna“, er í þessari ritgjörð (og í 2 köflum „Undir linditrjánum“, „Réttlátar kröfur“, „Nýtt sjónarmið“), þar sem ritstj. er að ganga eftir viðurkenningu um, að hann sé upphafsmaður að þeim stefnum, er helzt virðast einkenna seinni tíðar ritverk íslenzk.

Það hefðum vér aldrei hugsað að hann mundi gjöra, jafnvel þótt hann bæri svo mikla virðing fyrir sjálfum sér, að honum finndist þetta vera rétt. Það er óneitanlegt, að slíkt hefði komið betur fyrir frá einhverjum öðrum á einhverjum öðrum stað, hvort heldur krafan er réttlát eða ekki.

Finnist honum hann vera Messíasinn, hefði hann ekki átt að gjöra þá játningu nema við lærisveinana— á Wesley.

Málið á þessu hefti „Aldamóta“ er með stirðara og lakara móti. Setningaskipunin svo frámunalega fett og aftur á bak; lýsingarorða hnoðið svo mikið, að sem næst gengur að skoða allt saman dótið sem prósaískan leirburð frá upphafi til enda. Mest kennir þess í fyrstu ritgjörðinni, er vér höfum leitt hjá oss að athuga vegna þess, að hún er að miklu leyti sama efnis og greinin „Vestur-íslenzk menning“, og vildum vér því láta eina athugasemd nægja báðum. Líkingarnar, er höfundurinn tekur, eru allar dregnar úr hinum efnislega heimi, margar fremur ólíðlegar og óviðfeldnar, eins og t. d. akur hjartans, er arðurinn á að rista og skera í sundur; kornstangir á trúarakrinum; blettir á breytnei manna breiðast út og ryðga o. s. frv.; andleg afkvæmi, og sjálfsgagt er þar einhversstaðar minnst á andlegt undaneldi, þótt vér yrðum þess ekki varir. Það er annars leiðinlegt þetta „afkvæmis“ skraf, er allsstaðar úir og grúir á hverri örku, sem út er gefin. Það er eins og forna „Phallic“-dýrkunin eigi dýpri rætur enn þá í hugsunarhætti kennimanna vorra, en almennt er viðurkennt.

Vísur

TIL GUÐMUNDAR ÁRNASONAR 27. SEPT. 1904.

Liðið er sumar og samveru tíð,
og sólskinið þverrar og ylur.
Í laufskógum fellur enn laufblaða hríð,
og laufdrífan rötina hylur.

Og fuglinn að norðan mun flytja sig enn
sem fyrri til heitari sveita;
og eins og hann flytja sig einstöku menn.
—Þeir allir í suðurátt leita.

Því þaðan skín heitast um hádegi sól,
og hlýjustu blævindar streyma;
þar jörðin er grænklaedd um „gleðileg jól“
og gott þá að eiga þar heima.

Og þú ert á förum; sem fuglinn þú snýrð
til frjórrí og heitari sveita.
En hríðarél hvorki né frostið þú flýrð,—
þú ferð, eftir sannleik að leita.

En ég sit hér eftir. — Sé æfin þér greið;
þín auðna og farsæld mig gleður.
Hugur minn fylgir þér hlýlega á leið,
og huga þinn utangarðs kveður.

Þökk fyrir SUMARIÐ; það var mér hlýtt —
þau hafa fá verið betri.
Eg framvegis minnst þess, minnst þess blítt
—minnst þess einkum á VETRI.

K. S.



STEPHAN G. STEPHANSSON:

MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA.



I.

Eftir þig skáldið, maðurinn gegni, góði,
 sé grafskrift full:
 Að orð þitt hvert í heityrðum, sem ljóði,
 var hreina gull!—

II.

Sérgæði í heimskra hug er heima-gestur.
 Gorgeir er ei bresta beztur.
 Barlómurinn þó er verstur.

III.

Nú er haust í enskum óð,
 afturfarar dofnun;
 bara snoturt snökju-ljóð,
 snöp á gömlum stofnum.

IV.

Er á kveðling kvæðamanns
 kölluð slæm tilhögun —
 strengi lagt á hörpu hans
 hafa kveld og dögum.

Hefir lítil ljóða-föng
 ljósin vígð að kveikja. —
 Hér er ekki í sálmasöng
 sólskinið að sleikja

V.

Skap í prestum, skrifflærðum,
 skil eg gerst af þessu:
 Þeir halda mest af mannrolum,
 mennina beztu' er lítið um.

VI.

Þú hefir uppi öflug svör
 illhryssan í geði.—

Til þín marga fyluför
fóru bros og gleði.

VII.

Bað til guðs, að bæta sér
bilaða trúgirnina. —
Er það syndlaust, seg þú mér,
að svæfa skynsemina?

VIII.

Smátt þó virðist mark og mið
mótstæðings og vina—
legg þú öruggt atkvæðið
inn í verslanina.

Eilíf framför er það dont,
sem afturkippum skorðast.
Sannfrjáls maður velur vont
verra til að forðast.

IX.

Opnast snilli og fegurð full
fjöll, af hillingunni, —
viðra' á sillum sólskins-gull
sitt í stillingunni.

X.

Já, spjaldafull er bókin sú frá Brími,
hálf biblían í þúsund króna rími!
En ætli' að mér nú efasýkin batni,
þó innblásturinn taki inn í vatni?



HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. — Í útgáfufund eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man. Útsendingu og innheimtu Helmis annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave., og eru allir útsölumenn og kaupendur ritsins beðnir að snúa sér til hans því viðvíkjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.